

Þingsályktun

**um fullgildingu Árósasamnings um aðgang að upplýsingum,
þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að
réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.**

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum sem gerður var í Árósum 25. júní 1998.

Samþykkt á Alþingi 16. september 2011.

